

ÚRSKURÐUR

áfrýjunarnefndar samkeppnismála

í máli nr. 5/1997

Japis

gegn

samkeppnisráði

I.

Með bréfi, dags. 18. mars 1997, er barst áfrýjunarnefnd 19. mars s.á. hefur Birgir Skaptason fyrir hönd Japis kært [ákvörðun samkeppnisráðs nr. 6/1997](#), dags. 13. mars 1997.

Í ákvörðun samkeppnisráðs kemur fram að talið sé að áfrýjandi hafi brotið gegn ákvæðum 21. og 28. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 með því að auglýsa stórútsölu og tilboð þegar verðlækkun var ekki raunveruleg. Með vísan til 21. gr. samkeppnislaga og með heimild í 51. gr. sömu laga bannar samkeppnisráð áfrýjanda að auglýsa útsölu- eða tilboðsverð nema að um raunverulega verðlækkun sé að ræða. Þá segir að bannið taki gildi við birtingu og að verði því ekki fylgt muni viðurlögum samkeppnislaga verða beitt.

Líta ber svo á að áfrýjandi krefjist þess að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi.

Samkeppnisráð krefst þess að hin kærða ákvörðun verði staðfest með vísan til forsendna hennar.

II.

Aðdragandi máls þessa er sá að með bréfi, dags. 23. janúar 1997, barst Samkeppnisstofnun erindi frá Sjónvarpsmiðstöðinni ehf. vegna nokkurra auglýsinga áfrýjanda. Meðferð samkeppnisyfirvalda er ítarlega lýst í hinni kærðu ákvörðun og vísast til þess.

Mál þetta var flutt munnlega fyrir áfrýjunarnefnd samkeppnismála 22. apríl 1997.

III.

Áfrýjandi bendir á að á „Stórútsölu Japis“ hafi verið á boðstólum yfir 10.000 vörutegundir og að á útsölnunni hafi vörur verið í boði með 40-50% afslætti. Ennfremur hafi verið boðið upp á „nýjar“ og nýlegar vörur með minni afslætti. Allar vörur verslunarinnar hafi verið boðnar með minnst 15% staðgreiðsluafslætti. Áfrýjandi telur að þegar allar vörur verslunarinnar séu boðnar „með afslætti og afsláttur um helmings allra vörutegunda var boðin með 25-30% afslætti“ sé réttlætanlegt að auglýsa „Stórútsölu“.

Bent er á að þær vörutegundir sem gerðar séu tortryggilegar séu sjö af 10.000. Fjórar af vörutegundunum séu „nýjar vörur“, þ.e. vörur sem komið höfðu fyrir um sumarið, sem hafi verið á jólatilboði fyrir jól 1996. Þar sem fyrirsjáanlegt hafi verið að þær yrðu seldar með afslætti eins og allar aðrar vörur fyrirtækisins á útsölu í janúar hafi áfrýjandi ekki talið rétt að taka þær af jólatilboði í 15 daga þar til að útsölu kæmi. Þá gerir áfrýjandi grein fyrir verðlagningu og afslætti á þeim þremur vörutegundunum sem eftir standa. Með þeim skýringum telur áfrýjandi ljóst að miðað við umfang auglýsinga og tilboða sem að „Stórútsölu“ sneru sé hin kærða ákvörðun afar hæpin.

Áfrýjandi kveðst hafa sett sömu vörutegundir á útsölu oft en einu sinni en ekkert sé í lögum sem banni slíkt.

Af hálfu samkeppnisráðs er bent á að áfrýjandi hafi sett sömu vörutegundir á sama verði aftur og aftur á nýjum útsölum. Ekki hafi verið

um raunverulega verðlækkun að ræða. Hvað varðar málsástæður og rök samkeppnisráðs að öðru leyti vísast til forsendna hinnar kærðu ákvörðunar.

IV.

Niðurstöður.

1.

Ágreiningur í máli þessu snýst um það hvort áfrýjandi hafi brotið gegn ákvæðum samkeppnislaga með því að auglýsa stórútsölu og tilboð með þeim hætti sem í málinu greinir. Forsaga málsins er sú að athygli Samkeppnisstofnunar var vakin á því, með bréfi frá keppinaut áfrýjanda, að auglýst verðlækkun hefði ekki verið raunveruleg. Fram er komið í málinu að Samkeppnisstofnun sendi áfrýjanda tvívegis bréf þar sem þess var óskað að hann gerði grein fyrir sjónarmiðum sínum varðandi þær athugasemdir um þetta sem Samkeppnisstofnun höfðu borist. Þessum tilmælum sinnti áfrýjandi ekki. Jafnframt er upplýst í málinu að Samkeppnisstofnun lét ekki fara fram sjálfstæða könnun á því hvort framkomnar athugasemdir væru á rökum reistar.

2.

Athugasemdir Samkeppnisstofnunar varða sjö vörutegundir. Því hefur ekki verið mótmælt að áfrýjandi hafi haft yfir 10.000 vörutegundir á boðstólnum á stórútsölu hans í janúar 1997. Að því er varðar fjórar þeirra, þ.e. Panasonic NV-HD, NV-SD200, RXD-22 og KEF CODA-9 hátalara, hefur komið fram að þessar vörutegundir voru á sama verði frá þeim tíma að jólatilboði lauk og þar til stórútsala hófst í janúar. Varðandi vörutegundina SONY CFD-6 er upplýst að hún var í boði með mismunandi afsláttum frá venjulegu söluverði á nóvembertilboði og á stórútsölu. Vörutegundin Panasonic SL-S138 hefur verið boðin til sölu með sama afslætti frá auglýstu verði á nóvembertilboði, jólatilboði og stórútsölu. Loks hefur vörutegundin SONY KV-29X1 verið boðin til sölu á sama afsláttarverðinu frá upphaflega auglýstu verði á svonefndu hundadagatilboði, nóvembertilboði, jólatilboði og stórútsölu og einnig á þeim tíma sem leið milli tilboðanna.

3.

Áfrýjunarnefnd samkeppnismála fellst á það með samkeppnisráði að útsölu eða aðra sölu þar sem selt er á lækkuðu verði megi því aðeins auglýsa að skilyrðum 28. gr. samkeppnislaga sé fullnægt, sbr. einnig 3. gr. reglna um verðupplýsingar í auglýsingum nr. 21/1995. Áfrýjunarnefndin lítur svo á að raunveruleg verðlækkun felist í lækkun á því verði sem síðast var í gildi þegar ekki var útsala. Áfrýjandi hefur hér fyrir áfrýjunarnefndinni gefið fullnægjandi skýringar varðandi sumar af hinum sjö umdeildu vörutegundum. Reglum samkeppnislaga varðandi aðrar vörutegundir var hins vegar ekki fullnægt að öllu leyti. Yfirsjón þessi telst þó ekki stórvægileg miðað við þann fjölda vörutegunda sem boðinn var fram og miðað við atvik málsins að öðru leyti. Með hliðsjón af framanrituðu þykir eftir þó atvikum mega staðfesta hina kærðu ákvörðun með þeim hætti sem greinir í úrskurðarorði.

V.

Úrskurðarorð.

Áfrýjandi telst hafa verið brotlegur við 21. gr., sbr. 28. gr., samkeppnislaga með því að auglýsa stórútsölu og tilboð með þeim hætti sem í málinu greinir að því er varðar vörutegundirnar Panasonic NV-HD, NV-SD200, RXD-22 og KEF CODA-9 hátalara og SONY KV-29X1.

Reykjavík, 2. maí 1997.

Stefán Már Stefánsson

Inga Jóna Þórðardóttir

Andri Árnason

Rétt endurrit staðfestir;